

# Lokaskýrsla stýrihóps um stefnumótun Akraneskaupstaðar

30. janúar 2025

## 1 Inngangur

Stýrihópur um stefnumótun Akraneskaupstaðar var skipaður samkvæmt erindisbréfi sem staðfest var þann 11. október 2022 í bæjarstjórn Akraness, en hlutverk hópsins var að móta heildarstefnu fyrir Akraneskaupstað og leggja fram forgangsraðaða aðgerðaáætlun til að hrinda stefnunni í framkvæmd. Hópurinn lagði fram tillögu að *Heildarstefnu Akraneskaupstaðar*<sup>1</sup>, sem innihélt m.a. stefnuáherslur, framtíðarsýn til 2030 og markmið, og var tillagan samþykkt í bæjarstjórn þann 27. febrúar 2024.

Síðan heildarstefnan var samþykkt hefur stýrihópur unnið að gerð aðgerðaáætlunar og í þeim tilgangi hefur hópurinn fundað sex sinnum árið 2024 og þrisvar 2025. Alls hafa verið haldnir 22 fundir hjá stýrihóp frá stofnun hans. Í tengslum við myndun aðgerðaáætlunar var haldinn vinnufundur í mars 2024 með bæjarfulltrúum þar sem settar voru fram hugmyndir að mælikvörðum fyrir markmið í stefnunni, skipulagt að setja á fót verkefnaskrá bæjarskrifstofu til að halda utan um stór verkefni hjá stjórnarsýslunni og rædd möguleg aðferðafræði til að nýta við að forgangsraða verkefnum. Vinnufundur með sama efni var síðan haldinn í apríl 2024 með sviðsstjórum, bæjarstjóra og fulltrúum frá starfsfólki bæjarskrifstofu. Þann 30. janúar 2025 skilaði stýrihópur svo af sér lokaskýrslu til bæjarráðs með aðgerðaáætlun fyrir innleiðingu heildarstefnu Akraneskaupstaðar. Þar með lauk stýrihópurinn störfum.

Stýrihópur leggur áherslu á mikilvægi þess að samtvinna vinnu við árlega fjárhagsáætlunargerð hjá Akraneskaupstað við uppfærslu á aðgerðaáætlun til að innleiða heildarstefnuna. Aðgerðaáætlunin listar upp lykilverkefni hvers árs sem ráðast á í og eru liður í að ná þeim markmiðum sem tilgreind eru í heildarstefnunni. Búið er að setja upp verkefnaskrá þar sem haldið er utan um öll stór verkefni hjá stjórnarsýslu Akraneskaupstaðar þar sem verkefni í aðgerðaáætlun eru sérstaklega merkt og fylgst náið með.

Til að fylgjast með hvernig gengur að ná markmiðum í heildarstefnunni er áætlað að setja mælikvarða sem fylgst verður með, en unnið verður að því á árinu 2025 og dreginn lærdómur af og nýttur í áframhaldandi vinnu.

---

<sup>1</sup> [https://www.akranes.is/static/files/2024/Stefnur/heildarstefna-akraneskaupstadar\\_27.-februar-2024.pdf](https://www.akranes.is/static/files/2024/Stefnur/heildarstefna-akraneskaupstadar_27.-februar-2024.pdf)



## 2 Aðgerðaáætlun 2025

Verkefnin sem fjallað er um í þessum kafla mynda saman aðgerðaáætlun fyrir árið 2025 samkvæmt heildarstefnu Akraneskaupstaðar. Aðgerðaáætlunina á að endurskoða að lágmarki árlega samhliða fjárhagsáætlunargerð. Verkefni sem tilheyra áætluninni eru ásamt öðrum stærri verkefnum hjá bæjarskrifstofu Akraneskaupstaðar, stjórnarsýslunni, skráð í verkefnaskrá þar sem haldið er utan um helstu upplýsingar þeirra og framgang. Bæjarstjórn, ráð og nefndir Akraneskaupstaðar hafa aðgang að verkefnaskránni og bera ábyrgð á eftirliti og framgangi verkefna sem heyra undir viðkomandi. Sett hefur verið niður verklag fyrir umsýslu með verkefnaskrá, þar sem er m.a. lýst aðkomu ráðanna að ákvörðunum um verkefni og forgangsroðun þeirra í takt við fjárhagsáætlun, *sjá fylgiskjal 1*. Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit yfir verkefnin sem tilheyra aðgerðaáætlun ársins 2025, flokkuð niður á stefnuáherslur heildar stefnunnar, en þær eru fimm talsins.

<b>Stefnuáhersla og verkefni í aðgerðaáætlun 2025</b>	<b>Fjöldi verkefna</b>
<b>Auðgandi mannlíf og menning</b>	<b>5</b>
Deiliskipulag Jaðarsbakka Greina tækifæri Byggðasafnsins til að þróa og nýta svæðin fyrir menningartengda starfsemi Markaðssetning á menningarsölum Akraneskaupstaðar Miðbæjarreitir - Útboð Þróa og endurbæta fjölskylduhátíðina Írskir dagar	
<b>Farsælt samfélag</b>	<b>8</b>
Aðgerðaáætlun vegna innleiðingar barnasáttmáls Áætlanir um móttöku nýbúa Áætlun um aðkomu barna og ungmenna að ákvörðunum Klára útboðsgögn og skipulag fyrir samfélagsmiðstöð Skammtímadvöl - Greining Stefna í málefnum fatlaðs fólks Tengjumst í leik Uppbygging og skipulag þjónustu búsetukjarna við Skógarlund 42	
<b>Fjölbreytt atvinnulíf</b>	<b>3</b>
Höfðasel - Skipulag Samningur við Brim um uppbyggingu á Breiðinni Uppbyggingarsjóður SSV - Kynning	
<b>Traustir innviðir og skilvirk þjónusta</b>	<b>5</b>
Efla ferða-, atvinnu- og markaðsmál hjá AK með því að ráða starfskraft í það verkefni Endurskoða ferðaþjónustu fyrir fatlaða og aldraða - Útboð Fjárhagsleg markmið Akraneskaupstaðar Okkar Akranes - Efla íbúalýðræði Skipuritsbreytingar og endurskoðun bæjarmálasamþykktar	
<b>Umhverfissátt</b>	<b>5</b>
Endurskoðun á vinnuskóla - Stefnumótun Götulýsing yfir í LED Hanna göngu- og hjólastíg upp í Flóahverfi Hönnun Kirkjubrautar og útboð Viðhalda Bláfánavottun Langasands	
<b>Samtals fjöldi verkefna:</b>	<b>26</b>

Það eru 26 verkefni í aðgerðaáætlun ársins 2025. Þau eru mismörg undir stefnuáherslunum eins og sést í töflunni. Hafa ber í huga að oft er hægt að flokka verkefnin undir fleiri en eina áherslu, en markmiðið er að ein stefnuáhersla sé meginatriðið. Á hverju ári eru valin ný verkefni í aðgerðaáætlun samhliða fjárhagsáætlunarvinnu.

Allar nánari upplýsingar um verkefnin er að finna í [Verkefnaskrá](#).

### 3 Innleiðingaráætlun

Horft verður til þess að árið 2025 verði nýtt til að innleiða og fínþússa verklag í kringum heildarstefnuna, verkefnaskrá og annað því tengt.

Helstu verkþættir innleiðingar á heildarstefnu árið 2025:

- Aðgerðaáætlun 2025 kynnt fyrir íbúum Akraneskaupstaðar og öðrum hagsmunaaðilum s.s. á heimasíðu sveitarfélagsins og á samfélagsmiðlum, ásamt því að vera gerð aðgengileg á sama stað og heildarstefnuna er að finna á heimasíðunni.<sup>2</sup>
- Sviðsstjórar og ábyrgðaraðilar verkefna taka upp verklagið að skrá jafnóðum ný verkefni í verkefnaskrá með nauðsynlegum upplýsingum um verkefnið.
- Innleiðing á vinnu með verkefnaskrá á fundum hjá ráðum og nefndum Akraneskaupstaðar.
- Vinna aðgerðaáætlun 2026 samhliða fjárhagsáætlunargerð.
- Klára útfærslu mælikvarða fyrir markmið í heildarstefnunni.
- Taka saman árangur ársins 2025 og kynna fyrir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Kynna jafnóðum árangur á árinu þegar við á.
- Skoða mælaborð ofan á verkefnaskrá sem auðveldar yfirsýn.

---

<sup>2</sup> <https://www.akranes.is/stjornsysla/utgefing-efni-1/stefnur-akraneskaupstadar>

## Fylgiskjal 1: Verklagsregla fyrir verkefnaskrá

### Ábyrgð

Bæjarstjóri ber ábyrgð á innleiðingu verkefnaskrár bæjarskrifstofu Akraneskaupstaðar.

Bæjarráð, velferðar- og mannréttindaráð, skipulags- og umhverfisráð, skóla- og frístundaráð og menningar- og safnanefnd (ráðin) samþykkja eða hafna verkefnum í verkefnaskrá og bera jafnframt ábyrgð á forgangsröðun verkefna.

Sviðsstjórar bera ábyrgð á að viðhalda upplýsingum í verkefnaskrá um verkefni á þeirra sviði og að verkefnaskrá sé tekin fyrir á ráðsfundi reglulega í samráði við formenn ráða og nefnda.

Sviðsstjórar ákveða ábyrgðaraðila verkefna.

Ábyrgðaraðilar verkefna í verkefnaskrá eiga að þekkja vel til sinna verkefna og geta svarað fyrir um stöðu þeirra og frávik frá áætlunum.

Verkefnastjóri á verkefnastofu er ábyrgðaraðili verkefnaskrár, þ.e. hann ber ábyrgð á rekstri og verkferlum, ásamt því að hafa eftirlit með skráningu í verkefnaskrá.

### Tilgangur og gildissvið

Verkefnaskrá er opin öllu starfsfólki á bæjarskrifstofu og aðilum í ráðum og nefndum.

Tilgangurinn með því að nýta formlega verkefnaskrá er að tryggja skipulag og markvissa framkvæmd verkefna. Verkefnaskrá hjálpar til við að halda utan um verkefni, veita aðhald, auðvelda eftirfylgni með verkefnum og ná heildarsýn yfir hvað er í gangi hverju sinni.

Verkefnaskrá gerir jafnframt mögulegt að meta frammistöðu og árangur, auk þess að gefa mikilvægar upplýsingar fyrir framtíðar verkefni og stuðla að stöðugum umbótum.

Verkefnaskráin gildir fyrir stærri og flóknari verkefni sem tilheyra miðlægrri stjórnarsýslu (bæjarskrifstofu). Það er ekki ætlast til að sífelluverk, verkefni sem leyst eru innan dags eða önnur minni tilfallandi verkefni séu skráð í verkefnaskrá. Stór og flókin verkefni eru þau sem hafa ýmsar áskoranir og krefjast mikillar skipulagningar, samhæfingar og úrræða. Verkefni sem á að skrá í verkefnaskrá uppfylla eitt eða fleiri eftirfarandi atriða:

1. Langur tímarammi. Það eru áætlaðar meira en 50 klst. af hálfu starfsfólks Akraneskaupstaðar í verkefnið.
2. Miklar fjárhagslegar skuldbindingar. Áætlaður kostnaður við verkefni er >2.000.000 kr.

3. Fjölbreytni í verkþáttum og hæfni. Verkefnið kallar á samstarf starfsfólks úr ólíkum deildum, sviðum eða stofnunum, eða það þarf að fá verktaka eða utanaðkomandi fyrirtæki að verkefninu og stýra þeirri vinnu. Þetta kallar á aukið eftirlit og utanumhald.
4. Áhætta og óvissa. Það gæti falist töluverð áhætta í að ráðasta í verkefnið t.d. vegna orðsporsáhættu eða umfang verkefnisins er mjög óljóst og getur haft mikil áhrif ef það er stærra en talið er og því mikilvægt að fylgst sé með framgangi.
5. Margir eða ólíkir hagsmunaaðilar. Þarna gæti t.d. verið mikið flækjustig við upplýsingagjöf til viðeigandi aðila þar sem þeir eru mjög margir og misjafnir, eða verkefnið mjög viðkvæmt og þarf að vanda öll samskipti sérstaklega vel.

## Verkferill

Starfsfólk á bæjarskrifstofu hefur heimild til að skrá hugmyndir að verkefnum í verkefnaskrá. Flest stærri verkefni ættu þó að liggja fyrir í fjárhagsáætlun ársins. Til að auðvelda yfirsýn og ákvarðanatöku í fjárhagsáætlunargerðinni ætti að hafa möguleg verkefni næsta árs skráð í verkefnaskrá með greinagóðum upplýsingum. Taka skal ákvörðun um ný verkefni eftir umræðu í ráðunum og fara eftir reglum um gerð viðauka séu þau ekki innan fjárhagsáætlunar ársins. Bæjarstjóri og sviðsstjórar hafa sem fyrr heimildir til að bregðast við óvæntum verkefnum milli ráðsfunda og upplýsa ráðið eins fljótt og hægt er.

Formenn ráða og nefnda bera ábyrgð á að setja verkefnaskrá reglulega á dagskrá ráðs- og nefndarfunda og að viðeigandi aðilar verði boðaðir á fundi til að fylgja eftir verkefnum þegar þarf eða samkvæmt beiðni. Sviðsstjórar bera ábyrgð á að halda utan um ákvarðanir ráðanna tengdar verkefnum í verkefnaskrá.

Ráðin fjalla um verkefni sem falla undir þeirra starfsvið og geta ákveðið að breyta fyrri ákvörðunum t.d. um forgangsröðun vegna breytinga í ytra eða innra umhverfi.

## Skráning í verkefnaskrá

Verkefnaskrá er í Sharepoint lista á sameiginlegu svæði bæjarskrifstofunnar inni á Teams. Slóð beint á verkefnaskrá er hér: Verkefnaskrá - Bæjarskrifstofa. Þegar nýtt verkefni er stofnað í verkefnaskrá þarf að skrá upplýsingar inn í skráningarform í Sharepoint listanum. Smellt er á „Add new item“ í Verkefnaskránni og fyllt inn í eftirfarandi svæði á forminu sem birtist:

- **Málsnúmer** í málakerfi. Öll verkefni sem skráð eru í verkefnaskrá skulu vera komin með málsnúmer í málakerfi Akraneskaupstaðar og ber að skrá það með verkefninu.

- **Heiti verkefnisins.**
- **Stutt lýsing á verkefninu.**
- **Upphafsdagur verkefnisins.** Þessu er sleppt í upphafsskráningu ef ekki liggur fyrir hvenær á að byrja á verkefninu, en skráð þegar það er komið á hreint.
- **Lokadagur verkefnis.**
- **Svið.** Bæjarstjóri, velferðar- og mannréttindaráð, skipulags- eða umhverfisráð og skóla- og frístundaráð.
- **Áætlaður kostnaður.**
- **Raunkostnaður.** Staða kostnaðar þegar verkefni lýkur.
- **Stefnuáhersla.** Flokka skal verkefnið undir eina af fimm stefnuáherslum í heildarstefnunni, ef það á við.
- **Staða.** Sjá umfjöllun um mismunandi stöður verkefna hér á eftir.
- **Forgangur.** Ráðin ákveða forgang, sjá umfjöllun hér á eftir.
- **Ábyrgðaraðili.** Almenn er það sviðsstjóri sem ákveður hver er ábyrgðaraðili verkefnis sem fellur undir hans svið.
- **Umferðarljós.** Lýsing á tilgangi umferðarljósa er hér á eftir.
- **Athugasemd.** Hér er hægt að setja inn nánari skýringu á stöðu verkefnis. Mikilvægt að skrá dagsetningu fyrir framan skýringuna.
- **Aðgerðaáætlun 2025.** Merkja skjal „já“ ef verkefnið er í sérstakri aðgerðaáætlun fyrir innleiðingu heildarstefnunnar. Ártal í heiti dálks breytist milli ára.
- **Áætlaður tímafjöldi (klst.).** Hér er skráður áætlaður fjöldi vinnutíma (klst.) hjá starfsfólki Akraneskaupstaðar sem áætlað er að fari í vinnslu verkefnisins.
- **Viðhengi.** Hægt er að láta verkefnislýsingu eða önnur gögn fylgja með sem viðhengi í verkefnaskrá fyrir ítarlegri upplýsingar.
- **Yfirverkefni.** Ef verkefnið er hluti af stærra verkefni sem segja má að sé yfirverkefni þess, er hægt að skrá í þennan reit heiti þess verkefnis. Sem dæmi um yfirverkefni má nefna: „Barnvænt sveitarfélag“, „Gott að eldast“, „Íþróttasveitarfélag“, „Tengjumst í leik“, o.s.frv. Með þessu er auðvelt að fá yfirsýn yfir öll verkefni í verkefnaskrá sem falla undir eitt stórt yfirverkefni, þ.e. nota „Fillter by“ aðgerðina fyrir „Yfirverkefni“-reitinn. Reiturinn er textareitur, ekki t.d. fellilisti, sem þýðir að hægt er að skrifa hvað sem er þar inn og passa verður upp á að nota sömu heitinn fyrir yfirverkefnin þar sem við á.

## Staða verkefna

Verkefni skal merkja í þá „stöðu“ í verkefnaskrá sem segir best til um hvar það er statt í ferlinu.

- **Nýtt verkefni:** Staða verkefna í verkefnaskrá sem á eftir að taka ákvörðun um skal vera „Nýtt verkefni“. Ráðsfundir taka fyrir á fundum sínum verkefni sem falla undir þeirra svið

og eru með stöðuna „Nýtt verkefni“ og samþykkja eða hafna verkefnum, ásamt því að forgangsraða þeim.

- **Samþykkt:** Verkefni sem eru samþykkt og búið að forgangsraða fá stöðuna „Samþykkt“ í verkefnaskrá.
- **Á bið:** Ráðsfundir geta ákveðið að fresta ákvörðun um ný verkefni og óska eftir frekari upplýsingum og frestað afgreiðslu. Þau verkefni fá stöðuna „Á bið“. Einnig eru verkefni sett í stöðuna „Á bið“ ef verið er að bíða eftir að utanaðkomandi aðilar klári ákveðna verkþætti.
- **Frestað:** Sé aftur á móti tekin ákvörðun í ráðunum að fresta verkefni um óákveðin tíma skal verkefnið fá stöðuna „Frestað“.
- **Hafnað:** Verkefnum sem er hafnað af ráðunum fá stöðuna „Hafnað“ í verkefnaskrá.
- **Í vinnslu:** Verkefni sem er verið að vinna í eiga að vera í stöðunni „Í vinnslu“.
- **Hætt við:** Ef hætt er við verkefni skal breyta stöðu þess í verkefnaskrá í „Hætt við“.
- **Lokið:** Þegar verkefni er lokið skal breyta stöðu þess í verkefnaskrá í „Lokið“.

## Forgangsröðun

Forgangsröðun verkefna er mikilvæg fyrir árangursríka verkefnastjórnun og eftirfarandi eru leiðbeiningar um hvernig skal meta verkefnin. Ákvörðun ráða um forgang verkefna skal skrá á samþykkt verkefni í verkefnaskrá.

- **Lagaskylda.** Verkefni sem þarf að ráðast í til að uppfylla lög og reglur og eru ekki valkvæð fá þessa merkingu í verkefnaskrá. Lagalegar og reglugerðarskyldur sem settar hafa verið á sveitarfélög.
- **Hæsti forgangur = 1.** Verkefni sem eru bæði *áriðandi* og *mikilvæg* fá merkinguna **1** í forgang. Það þarf að byrja á þessum verkefnum strax.
- **Miðlungs forgangur = 2.** Verkefni sem eru *mikilvæg en ekki áriðandi* fá merkinguna **2** í forgang. Þessi verkefni þarfnast ekki athygli eða aðgerða strax, þannig að það ætti að skipuleggja ætti tíma síðar til að vinna þau.
- **Minni forgangur = 3.** Verkefni sem eru *áriðandi en ekki mikilvæg* fá merkinguna **3** í forgang. Þetta eru verkefni sem eru áriðandi og þarfnast tafarlausrar athygli. Þar sem þau eru ekki mikilvæg þarf að skoða hvort megi útvista þeim til verktaka eða annars starfsfólks hjá Akraneskaupstað sem er ekki að vinna í forgangi 1 verkefnum.



- **Minnsti forgangur = 4.** Verkefni sem eru *hvorki áriðandi né mikilvæg* fá merkinguna **4** í forgang. Meta þarf hvort hægt sé að sleppa verkefnum sem falla í þennan flokk.

## Umferðarljós

Í verkefnaskránni eru verkefni merkt með grænu, gulu eða rauðu „umferðarljósi“, ábyrgðaraðili viðheldur réttu ljósi á verkefninu.

- **Grænt ljós** merkir að verkefnið er á góðum stað tíma- og kostnaðarlega og engar hindranir framundan sem vitað er um.
- **Gult ljós** merkir að það þarf að fylgjast aðeins betur með þessu verkefni, það gæti farið yfir tíma- og/eða kostnaðaráætlun eða er komið smá framyfir. Gult ljós gæti líka þýtt að það eru smærri hindranir í gangi eða má vænta þeirra.
- **Rautt ljós** þýðir að verkefni er komið töluvert fram yfir tíma- og kostnaðaráætlun og það þarf að grípa sem fyrst til aðgerða. Einnig gæti rautt ljós þýtt að það er eitthvað sem veldur því að verkefnið er stopp eða mun stoppa fljótlega verði ekkert að gert.

Mikilvægt er að ábyrgðaraðili skrifa dagsetta skýringu í verkefnaskrá með gulum og rauðum umferðarljósum.

## Útgáfudagsetning

Verklagsregla gefin út af bæjarstjóra þann 11. febrúar 2025.